

**207. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,  
30. ágúst 2021 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:****1. 2108192 - Deiliskipulag Skógarhverfis 4. áfangi - óveruleg breyting**

Tillaga að óverulegri breytingu á skipulagsmörkum milli deiliskipulags Skógarhverfis 4. og 5. áfanga Skógarhverfis.

*Breyting felst í að norðurmörkum deiliskipulagsins er breytt og fellur undir nýtt deiliskipulag 5.áfanga Skógahverfis.*

*Breytingin felur ekki í sér breytta landnotkun né hefur hún áhrif á útsýni né skuggavarp. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að litið verði á breytinguna sem óverulega sbr. 3.mgr.44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**2. 2108193 - Deiliskipulag Garðalundar-Lækjarbotnar - óveruleg breyting**

Tillaga að breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags Garðalundar - Lækjarbotna og 5. áfanga Skógarhverfis.

*Breyting felst í að skipulagsmörk skógræktarsvæðis sem er vestur með Akranesvegi við Einbúa, eru færð til samræmis við tillögu að deiliskipulagi 5. áfanga Skógahverfis og breytingu á aðalskipulagi Akranes 2005-2017.*

*Breytingin felur ekki í sér breytta landnotkun né hefur hún áhrif á útsýni né skuggavarp. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að litið verði á breytinguna sem óverulega sbr. 3.mgr.44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**4. 2105152 - Vesturgata 149 - Umsókn um byggingarleyfi**

Grenndarkynnt var byggingarleyfi fyrir breytingu á útliti hússins sem felst í að breyta glugga í svalhurð og byggja svalir við húsið. Erindið var grenndarkynnt frá 14. júlí til 11. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust, samþykki barst frá þeim aðilum sem fengu grenndarkynningu.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að byggingarleyfið verði samþykkt.*

**5. 2108070 - Deiliskipulag Sementsreits - Suðurgata 93 breytt nýtingahlutfall**

Umsókn House holding ehf. um að breyta nýtingahlutfalli á lóðinni úr 0,8 í 0,95. Aðrir skilmálar skipulagsins eru óbreyttir.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breytingin verði grenndarkynnt í samræmi við 2.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum og lóðarhöfum við Suðurgötu 89, 90, 92, 94,97 og Sunnubraut 4, 6 og 8.*

**6. 2108111 - Raka- og loftgæðamál stofnana - ábendingar**

*Sviðsstjóri ásamt rekstrarstjóra áhaldahúss fóru yfir stöðu á heilðrænni skoðun á stofnunum Akraneskaupstaðar er varðar rakavandamál. Skoðunarferli er á hendi Indriða Níelssonar hjá verkfræðistofunni Verkís.*

**3. 2108187 - Umferðaröryggi - Stillholt - Vesturgata gatnamót**

Bréf Finndísar H. Ólafsdóttur fh. íbúa vegna gatnamóta Vesturgötu og Stillholts.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar ábendinguna. Verkefnastjóra Jóni Ólafssyni falið að koma með tillögu að úrbótum í samráði við umferðasérfræðinga.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.**